

Ákvörðun

kjaranefndar kirkjunnar um laun biskups Íslands og vígslubiskupa

Kjaranefnd Þjóðkirkjunnar (kjaranefnd) starfar á grundvelli reglna nr. 5/2021 sem voru samþykktar á kirkjuþingi í október 2021. Á aukakirkjuþingi hinn 27. ágúst 2021 hafði þingið samþykkt þingsályktun um að kjaranefnd kirkjunnar ákvarðaði laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa.

Nefndinni var fyrst komið á fót með starfsreglum nr. 981/2020, og var á grundvelli þeirra reglna gerður kjarasamningur við presta 1. júní 2021. Í hinum nýju starfsreglum er kjaranefnd, í 4. tl. 2. gr., falið að ákvarða laun biskups og vígslubiskupa en í 4. gr. reglnanna er fjallað sérstaklega um þessa ákvörðun. 1. mgr. 4. gr. starfsreglnanna hljóðar svo:

Þegar kjaranefnd ákvarðar laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa aflar nefndin af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Í því skyni getur nefndin óskað eftir skýrslum, munnlegum og/eda skriflegum til að tryggja fagleg vinnubrögð, að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar og að þeir sem ákvarðanir beinast að komi sjónarmiðum sínum að. Nefndin getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir kjaranefnd.

Um störf vígslubiskupa gilda starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006, en tillaga að nýjum starfsreglum er nú til meðferðar á Kirkjuþingi 2021-2022. Ekki hafa verið settar starfsreglur á kirkjuþingi um störf biskups Íslands.

Þó að tekið sé fram í hinum nýju starfsreglum um kjaranefnd að hún skuli ákveða bæði laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa, er í þessari ákvörðun eingöngu fjallað um laun. Rétt þykir að ákveða nú laun biskupa en skoða síðar hvort þörf er á að taka sérstaka ákvörðun um önnur starfskjör þeirra.

Kjaranefnd hefur fjallað um málið á sex fundum. Í upphafi starfsins var biskupum, með bréfum dags. 20. september 2021, boðið að koma á framfæri sínum sjónarmiðum skriflega sem allir gerðu. Þá bauð nefndin þeim að koma til fundar og reifa mál sitt. Biskup Íslands og vígslubiskupar hittu nefndina á fundi 2. nóvember 2021.

QZ

Í úrskurði kjararáðs frá 17. desember 2017 voru biskupi Íslands og vígslubiskupum síðast ákvörðuð laun. Í þeim úrskurði var fjallað ítarlega um verkefni og verksvið biskupa. Launin þannig ákveðin hafa hækkað tvisvar síðan:

- 1. júlí 2019 um 6,3%
- 1. júlí 2020 um 2,1%.

Ákvörðun

Að framangreindu virtu og með hliðsjón af launahækkun sem fólst í kjarasamningi við Prestafélag Íslands ákveður kjaranefnd eftirfarandi:

Greiða skal biskupum mánaðarlaun samkvæmt eftirfarandi launatöflu presta og biskupa, sem gildir frá 1. mars 2021:

Launaflokkur	krónur/mánuði
1	785.696
2	812.253
3	839.707
4	868.089
5	897.430
6	927.763
7	959.122
8	991.540
9	1.025.054
10	1.059.701
11	1.095.519
12	1.132.547
13	1.170.827
14	1.210.401
15	1.251.313
16	1.293.607
17	1.337.331
18	1.382.533
19	1.429.263
20	1.477.572

Þá skal greiða þeim einingar fyrir ómælda yfirvinnu, álag og sérstakar skyldur sem starfinu fylgja. Eining telst vera 1% af 10. lfl. sbr. launatöflu. Einingar eru greiddar alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi og er því ekki greitt orlofsfé á einingar.

Laun biskups Íslands skulu vera sem hér segir:

Mánaðarlaun skulu vera samkvæmt 18. launaflokki, nú 1.382.533 krónur.

Auk þess skal greiða honum 32 einingar mánaðarlega.

Laun vígslubiskups í Skálholti skulu vera sem hér segir:

Mánaðarlaun skulu vera samkvæmt 13. launaflokki, nú 1.170.827 krónur.

Auk þess skal greiða honum 25 einingar mánaðarlega.

Laun vígslubiskups á Hólum skulu vera sem hér segir:

Mánaðarlaun skulu vera samkvæmt 13. launaflokki, nú 1.170.827 krónur.

Auk þess skal greiða honum 15 einingar mánaðarlega.

Greiða skal þeim vígslubiskupi, sem eldri er að biskupsvígslu, 5 einingar mánaðarlega vegna hlutverks hans sem staðgengill biskups.

Almenn ákvæði kjarasamnings við Prestafélag Íslands, svo sem um lífeyrissjóð, veikindarétt, orlof, orlofsuppbót, desemberuppbót o.fl., gilda um biskupa, eftir því sem við á.

Laun skulu hækka um 3% 1. mars 2022.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. september 2021.

Reykjavík, 14. desember 2021



Guðrún Zoëga, formaður



Anna Mjöll Karlsdóttir



Einar Karl Haraldsson

